

**Nd.**

**719. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Staflíður b. hljóði svo:

6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

b. Staflíður c. hljóðar svo:

Allt að 10 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

c. Á eftir staflíð c. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Tölu jöfnunarþingsæta má fjölga upp í allt að 12 með einföldum lögum, og verður þá tala þingmanna 50.